

Fimmtudaginn 15. júní 1978.

Nr. 114/1978. **Guðbjörg Guðnadóttir**
Eiður Sævar Marinósson og
Sigursteinn Marinósson
 gegn
Auði Marinósdóttur
Eyrúnu Huldu Marinósdóttur
Hermínu Marinósdóttur
Stefaníu Marinósdóttur og
Kristjáni Torfasyni, skiptaráðanda
í Vestmannaeyjum.

Kærumál. Búskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Með kæru 13. maí 1978, sem barst Hæstarétti 5. júní 1978, hafa sóknaraðiljar með heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Vestmannaeyja, uppkveðinn 25. apríl 1978, en sóknaraðiljar fengu vitneskju um úrskurðinn 5. maí s. á. Krefjast þeir þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og synjað verði um uppskrift á dánarbúi Marinós Jónssonar, er lést 16. desember 1962, og töku búans til opinberra skipta sem skuldafrágöngubús. Þeir krefjast einnig kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja Auðar, Eyrúnar Huldu og Hermínu.

Af hálfu varnaraðilja Auðar Marinósdóttur, Eyrúnar Huldu Marinósdóttur og Hermínu Marinósdóttur er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hvorki hafa borist kröfur né greinargerðir frá varnaraðiljunum Stefaníu Marinósdóttur og skiptaráðanda í Vestmannaeyjum.

Sóknaraðili Guðbjörg Guðnadóttir kom fyrir skiptarétt í Vestmannaeyjum 8. janúar 1963 ásamt tveim dætrum sínum, syni og tengdasyni og óskaði eftir að fá leyfi til setu í óskiptu

búi með börnum sínum eftir mann sinn Marínó Jónsson, er látist hafði 16. desember 1962. Eignir og skuldir dánarbúsins voru skráðar í skiptabók samkvæmt tilgreiningu hinna mættu. Erfingjar voru talin fimm börn þeirra hjóna, Stefanía, Auður, Sigursteinn, Eyrún Hulda og Eiður Sævar, og tekið fram, að Marínó hefði ekki átt fleiri börn. Skiptaráðandi gaf út leyfi til setu í óskiptu búi til handa Guðbjörgu 9. janúar 1963, og lá þá fyrir samþykki allra framangreindra barna þeirra nema Eiðs Sævars, en samþykki hans er dagsett 10. s. m. Varnaraðili Hermína Marínósdóttir var ekki tilgreind sem erfingi, en erfðaréttur hennar hefur ekki verið vefengdur. Hefur hún aldrei gefið samþykki til, að Guðbjörg fengi leyfi til setu í óskiptu búi.

Af gögnum máls þessa er ljóst, að skipti á dánarbúi Marínós Jónssonar hafa ekki farið fram. Dóttir hans, varnaraðili Hermína Marínósdóttir, hefur ekki samþykkt setu sóknaraðilja Guðbjargar Guðnadóttur í óskiptu búi, eins og að framan greinir. Hermína hefur krafist þess, að opinber skipti fari fram á búi föður síns, og er skylt samkvæmt 4. gr. skiptalaga nr. 3/1878 að taka kröfu hennar til greina. Af því leiðir samkvæmt 15. gr. sömu laga, að skiptaráðandi ber að láta skrifa upp og virða eignir dánarbúsins og taka síðan ákvörðun um það í samræmi við ákvæði 16. til 18. gr. laganna, hvort búinu verði skipt sem skuldaviðgöngubúi eða skuldafrágöngubúi.

Rétt er, að sóknaraðiljar greiði varnaraðiljum Auði, Eyrúnu Huldu og Hermínu 50.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð :

Dánarbúi Marínós Jónssonar skal tekið til opinberra skipta.

Sóknaraðiljar, Guðbjörg Guðnadóttir, Eiður Sævar Marínósson og Sigursteinn Marínósson, greiði varnaraðiljum Auði Marínósdóttur, Eyrúnu Huldu Marínósdóttur og Hermínu Marínósdóttur 50.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Vestmannaeyja 25. apríl 1978.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 19. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi, liggur fyrir það ágreiningsefni til úrlausnar, hvort taka beri til opinberra skipta nú dánar- og félagsbú hjónanna Marinós Jónssonar, er lést 16. desember 1962, og Guðbjargar Guðnadóttur, fæddrar 8. nóvember 1902, er síðast áttu heimili að Faxastíg 25, Vestmannaeyjum.

Erfingjar eru: eftirlifandi maki, Guðbjörg Guðnadóttir, nú til heimilis að Síðumúla 21, Reykjavík, Stefanía Marinósdóttir, fædd 25. júní 1924, Holtsbúð 37, Garðabæ, Auður Marinósdóttir, fædd 5. ágúst 1925, Sólheimum 27, Reykjavík, Sigursteinn Marinósson, fæddur 9. júlí 1927, Faxastíg 9, Vestmannaeyjum, Eyrún Hulda Marinósdóttir, fædd 6. september 1930, Heimavöllum 1, Keflavík, Eiður Sævar Marinósson, fæddur 30. ágúst 1939, svo og hálf-systir framangreindra barna, barn arfláta Marinós, Hermína Marinósdóttir, fædd 24. september 1919, Litlu Hlíð, Akureyri.

Sóknaraðiljar í þessum þætti málsins eru Auður Marinósdóttir, Eyrún Hulda Marinósdóttir og Hermína Marinósdóttir, en varnaraðiljar, Guðbjörg Guðnadóttir, Sigursteinn Marinósson, Eiður Sævar Marinósson, en erfinginn Stefanía Marinósdóttir hefur óskað eftir því að taka ekki þátt í rekstri málsins.

Kröfur aðilja eru nánar tiltekið þessar: Af hálfu sóknaraðilja Auðar Marinósdóttur og Eyrúnar Huldu Marinósdóttur er þess krafist, að eignir dánar- og félagsbús Marinós Jónssonar og Guðbjargar Guðnadóttur verði skrifaðar upp af skiptarétti Vestmannaeyja og búið verði tekið til opinberra skipta sem skuldafrágöngubú.

Af hálfu sóknaraðilja Hermínu Marinósdóttur er þess krafist, að dánar- og félagsbú Marinós Jónssonar, sem lést 16. desember 1962, og eftirlifandi eiginkonu, Guðbjargar Guðnadóttur, verði tekið til opinberra skipta sem skuldafrágöngubú.

Þá krefjast sóknaraðiljar málskostnaðar úr hendi varnaraðilja varðandi þennan þátt málsins, en að mati dómsins.

Af hálfu varnaraðilja, Guðbjargar Guðnadóttur, Sigursteins Magnússonar og Eiðs Sævars Marinóssonar, eru gerðar þær kröfur, að synjað verði um kröfu sóknaraðilja Auðar og Eyrúnar Huldu um uppskrift á búinu og synjað verði um töku búsins til opinberra skipta og sóknaraðiljum, Hermínu, Auði og Eyrúnu Huldu, verði dæmt að greiða varnaraðiljum málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Málavextir skulu nú stuttlega raktir: Varnaraðilinn Guðbjörg Guðnadóttir fékk hjá skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum leyfi til setu í óskiptu búi eftir mann sinn að undangenginni tilgreiningu í skiptarétti Vestmannaeyja á eignum og skuldum búsins, erfingjum, aldri og dvalarstað þeirra. Þar kemur m. a. fram, að Marinó Jónsson hafi kvænst Guðbjörgu Guðnadóttur 25. október 1924. Þau hafi eignast þessi börn: Stefaníu, Auði, Sigurstein, Eyrúnu Huldu og Eið Sævar. Auk þess hafi þau átt einn son, Guðna Marinósson, fæddan 30. desember 1935, dó 20. ágúst 1936. Fleiri börn hafi hinn látni ekki átt. Undir þessa tilgreiningu rituðu eftirtaldir erfingjar hins látna: Guðbjörg, Stefanía, Hulda og Sigursteinn, og öll voru þau sammála um, að búið ætti fyrir skuldum.

Auk samþykkis framangreindra barna, er rituðu undir tilgreiningu móður sinnar, Guðbjargar, lá fyrir samþykki sóknaraðiljans Auðar, er varnaraðili Guðbjörg fékk gefið út leyfið til setu í óskiptu búi, hjá skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum.

Sóknaraðilinn Auður Marinósdóttir ritaði skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum bréf 28. mars 1977, þar sem m. a. kemur fram, að samkvæmt þeim upplýsingum, sem sóknaraðili Auður hafi fengið frá bæjarfógetaembættinu í Vestmannaeyjum þá hafi ekki farið fram skipti á dánarbúi föður hennar, svo séð verði af bókum embættisins, og einu afskipti embættisins af meðferð búsins væri útgáfa leyfis til móður hennar til setu í óskiptu búi. Í bréfi þessu biður sóknaðili Auður skiptaráðandann í Vestmannaeyjum að hlutast til um, að skipti fari fram í framangreindu dánarbúi svo fljótt sem verða megir, og tilgreinir auk framangreindra ástæðna, að sér virðist sem eignir búsins séu að mestu komnar í hendur eins erfingja, og geti hún ekki sætt sig við, að hlutur annarra sé skertur með þeim hætti.

Varnaraðili Guðbjörg hefur upplýst, að á árinu 1964 eða 1965 hafi það gerst, að gefið hafi sig fram erfingi, dóttir Marinós, Hermína, og komið hafi fram krafa frá henni um, að hún fengi föðurarfinn, sem henni bæri. Kvaðst hún þá hafa farið fram á skipti á búinu og því leitað til starfandi lögfræðings í Vestmannaeyjum, Braga Björnssonar, og sagt honum frá málavöxtum og beðið hann að annast um, að skipti færu fram eftir réttum lögum, svo allir gætu fengið það, sem þeim bæri. Hafi lögfræðingurinn tekið málið að sér og hún ekki vitað annað en þar færi allt

fram samkvæmt lögum og hafi hún staðið í þeirri trú, að búið væri að skipta búinu, enda hafi lögfræðingnum verið greitt fyrir búskiptin þá nokkru seinna.

Upplýst er, að sóknaraðilinn Hermína hafði ekkert samband við föður sinn eða fjölskyldu hans, á meðan hann lifði, utan það að hún sá hann einu sinni. Ólst hún upp í Fljótum í Skagafirði hjá vandalausum fólki. Þá hefur sóknaraðili Hermína upplýst, að hún hafi frétt um lát föður síns, er hún heyrði það auglýst í útvarpi. Sumarið eftir hafi hún heyrt, að fyrir dyrum stæðu skipti á búi föður síns, frá dóttur sinni, sem búsett sé í Vestmannaeyjum, og hafi hún þá leitað eftir rétti sínum. Hún hafi síðan oft haft samband við lögfræðing þann, sem hafði með skiptin að gera. Hún hafi hins vegar aldrei skrifað undir nein skjöl, hvorki beiðni um einkaskipti né skiptagerð. Hafi lögfræðingurinn á endanum sent sér kr. 93.000, rúmlega, upp í arfshluta sinn. Ekki hafi hún litið á þetta sem lokagreiðslu, því að sér hafi skilist, að eftir væri að selja fasteign, sem búið ætti í Reykjavík. Hafi sér skilist, að fasteign þessi væri eitthvað fyrir og Reykjavíkurborg mundi kaupa hana. Kvaðst hún ekkert hafa frétt af þeim málum síðan og ekkert spurst fyrir um það, en hún væri sammála því, að endurskoðuð væru skipti á búinu eða að þau væru til lykta leidd.

Meðal málsskjala er afrit af svofelldu bréfi:

„Dánarbú Marínós Jónssonar, Vestmannaeyjum

EIGNIR:

Faxastígur 25, matsverð	kr.	585.000.00
Faxastígur 26, matsverð	—	492.000.00
Vörulager skv. síðustu talningu ÷ álag. og rýrn.	—	415.000.00
Selás, nýlegt brunabótamat	—	450.000.00
V-244 skv. uppskrift	—	24.000.00
Hlutabréf í Miðstöð, nafnverð	—	10.000.00
Hlutabréf í Iðnaðarbanka Íslands, nafnverð	—	3.000.00
Innbú skv. uppskrift	—	30.000.00

Kr. 2.009.000.00

SKULDIR:

Faxastígur 25

Útvegsbanki Íslands	kr.	77.000.00
Sparisjóður Vestmannaeyja	—	34.000.00

Faxastígur 26

Iðnlánasjóður	kr.	42.000.00
<i>Selás</i>		
Útvegsbanki Íslands	—	150.000.00
Skuld við Jón Einarsson, Höfðabrekku	—	20.000.00
		323.000.00
Eignir umfram skuldir	—	1.686.000.00
Til skipta kemur helmingur	—	843.000.00
Hlutur ekkju verður 1/3 af 843 þús. ..		281.000.00
Hlutur barna verður		562.000.00

Hvert barn hlýtur því kr. ca. 93.500.00“

Skjal þetta er ódagsett og óundirritað.

Bragi Björnsson lögfræðingur telur ljóst, að skjal þetta stafi frá sér. Með skjali þessu hafi erfingjum verið gerð grein fyrir, hvað kæmi til búskipta. Ekki mundi hann, hvort gerður var skiptasamningur, erfðafjárskýrsla svo og skiptayfirlýsing varðandi fasteignir búsins. Lögfræðingurinn kvaðst hafa sent erfingjum peningagreiðslur og með þessum peningagreiðslum hafi skiptunum verið endanlega lokið og þar með einkaskiptum sínum á búinu. Lögfræðingurinn gat ekki greint frá greiðslu erfðafjárskatts í þessu sambandi og ekki upplýst um pappíra viðvíkjandi einkaskiptunum.

II.

Málsástæður og lagarök aðilja.

Af hálfu sóknaraðilja Auður og Eyrúnar Huldu er á því byggt, að frá 9. janúar 1963 hafi varnaraðili Guðbjörg Guðnadóttir setið í óskiptu búi og sitji formlega enn. Á árinu 1964 eða 1965, hafi verið gerð tilraun til skipta á dánar- og félagsbúinu, en skiptum ekki verið lokið. Erfðafjárskýrsla ekki verið gerð, erfðafjárskattur ekki verið greiddur og engin gögn sé að finna um þetta í skjölum málsins. Dómsskjal nr. 7 verði ekki skoðað öðru vísi en hugmyndir einhvers aðilja um eignir og skuldir búsins, en verði á engan hátt skoðað sem uppskriftargerð. Sóknaraðili Auður hafi sett fram kröfu um búskipti 28. mars 1977, en ekki sé um neinar tómlætisverkanir að ræða, þar sem sóknaraðili Auður hafi ítrek-

að reynt að komast að hinu sanna í málinu, áður en hún hafi farið fram á það við skiptaráðanda, að búskipti færu fram. Á það verði og að líta, að varnaraðili hafi framlagningarskyldu varðandi það atriði, að skiptum sé lokið, og þar sem engin slík gögn sé að finna um það í málsskjölum, eigi krafa sóknaraðilja augljóslega að ná fram að ganga.

Af hálfu sóknaraðilja Hermínu er efnislega byggt á sömu rök-um. Skiptum á dánar- og félagsbúinu geti á engan hátt verið lokið. Ekki geti verið um það að ræða, að einkaskipti hafi farið fram, þar sem meginreglan sé sú við einkaskipti, að fullt samkomulag verði að vera milli allra erfingja um búsmæðferðina og skiptin. Ekki liggi fyrir í málinu, að aflað hafi verið leyfis til einkaskipta, sem þó sé lögskylt, og sóknaraðili Hermína hafi ekki skrifað undir nein skjöl, hvorki beiðni um einkaskipti né skiptagerð. Hins vegar sé það nægilegt, að einn erfingi krefjist þess, að opinber skipti fari fram, til þess að krafan eigi að ná fram að ganga. Slík krafa hafi komið fram hjá sóknaraðilja Auði 28. mars 1977 og þar sem eins árs fresturinn sé nú liðinn, sem áskilinn sé, þá eigi krafa sóknaraðilja um, að skiptaráðandi taki dánar- og félagsbúið til opinberra skipta, að ná fram að ganga.

Sóknaraðiljar byggja kröfu sína um, að dánar- og félagsbúið verði tekið til skiptameðferðar sem skuldafrágöngubú á því, að samhliða því, að dánar- og félagsbúið verði tekið til opinberrar skiptameðferðar, þurfi að gefa út innköllun til skuldheimtumannna, svo ljóst megi verða, hverjar kröfur séu á búið.

Varnaraðiljar byggja kröfur sínar á því, að skiptum á dánar- og félagsbúinu sé lokið. Uppskrift á búinu hafi farið fram 8. janúar 1963 og skiptagerðina sé að finna á dómsskjali nr. 7. Með athugasemdaleausri móttöku á peningagreiðslum hafi erfingjar viðurkennt skiptagerðina og skiptum sé þar með lokið, en augljóst sé, að skipti fari aðeins fram einu sinni í hverju búi. Öll gögn séu fyrirbyggjandi í málinu, sem sýni framgang skiptanna, þar á meðal sölu varnaraðiljans Guðbjargar á eignum búins til að svara erfingjum sínum hluta úr búinu.

III.

Niðurstaða.

Kröfur sóknaraðilja eru efnislega samhljóða, og verður í niðurstöðu fjallað um þær samtímis.

Aðilja greinir ekki á um það, að varnaraðili Guðbjörg Guðna-

dóttir fékk leyfi til setu í óskiptu búi hjá skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum 9. janúar 1963, og verður við þá formlegu heimild miðað.

Óumdeildur er réttur erfingjans Hermínu Marinósdóttur til arfstöku í búinu. Aðiljar deila hins vegar um það, hvort og að hve miklu leyti skipti hafi farið fram, eftir að erfinginn Hermína Marinósdóttir gerði tilkall til föðurarfs úr búinu.

Rétt sinn til að krefjast skipta sér til handa byggja sóknaraðiljar á 2. mgr. 14. gr. erfðalaga og benda á, að meira en eitt ár sé liðið frá því sóknaraðilinn Auður Marinósdóttir setti fram kröfu til skiptaráðandans í Vestmannaeyjum um búskiptin, 28. mars 1977. Þá hefur og verið á það bent af sóknaraðilja hálfu, að nægilegt sé, að aðeins einn erfingi af mörgum geri slíka kröfu og afstaða annarra erfingja skipti ekki máli þar um, þar sem opinber skipti séu óhjákvæmileg í slíkum tilfellum. Varnaraðiljar hafa ekki mótmælt rétti sóknaraðilja að þessu leyti. Á þessa skoðun sóknaraðilja verður að fallast auk þess sem ekki verður séð, að sóknaraðilinn Hermína verði bundin af eins árs fyrirvaranum.

Af 7. kafla skiptalaga verður ráðið, að óhjákvæmilegur undanfari einkaskipta sé lögformleg heimild frá skiptaráðanda fyrir einkaskiptum, enda er það skiptaráðandi og hann einn, sem selt getur erfingjunum búið í hendur. Gögn málsins bera eigi með sér, að leitað hafi verið eftir slíkri heimild né henni sé fyrir að fara.

Af gögnum málsins verður ráðið, að eftir að erfinginn Hermína Marinósdóttir gerði tilkall til föðurarfs úr búinu, hafi verið gerð tilraun til einkaskipta í búinu. Ekki er upplýst í málinu, hvenær þessi skiptatilraun hófst og hvenær henni var hætt eða lokið, en af gögnum málsins virðist mega ráða, að henni hafi ekki verið lokið 1. ágúst 1965. Ekki verður á það fallist, að dómsskjal nr. 7 beri að líta á sem skiptagerð í máli þessu, enda fullnægir skjal þetta engum slíkum skilyrðum.

Þar sem skiptatilraunir fóru svo mjög á snið við lögákveðnar reglur, verður að telja, að varnaraðiljar hafi sönnunarbyrðina fyrir því, að athugasemdalaus viðtaka á peningagreiðslum, að fjárhæð um 90.000 krónur, feli í sér viðurkenningu sömu aðilja á réttum skiptum. Varnaraðiljar hafa á engan hátt getað sýnt fram á með skjallegum gögnum, að skiptum á framangreindu dánar- og félagsbúi sé lokið. Með andmælum sóknaraðilja verður og að

telja, að athugasemdalaus viðtaka á framangreindum peningagreiðslum feli ekki í sér viðurkenningu sóknaraðilja á skiptalokum að þessu leyti, enda hafa varnaraðiljar á engan hátt sýnt fram á hið gagnstæða.

Þótt liðlega 10 ár virðist liða frá skiptatilraunum og þar til sóknaraðiljar gera reka að því að fá búinu skipt samkvæmt lögum, verður ekki séð, að skipta- og erfðalög synji sóknaraðiljum um rétt til að krefjast búskipta, og auk þess verður að telja, að títtnefndar skiptatilraunir hafi engin áhrif haft á setu varnaraðilja Guðbjargar í óskiptu búinu.

Þar sem skiptaráðandi hefur aldrei afhent dánar- og félagsbúið til einkaskipta, á krafa sóknaraðilja til þess að með búið verði farið sem skuldafrágöngubú rétt á sér.

Niðurstaðan verður því þessi: Kröfur sóknaraðilja, Auðar Marinósdóttur, Eyrúnar Huldu Marinósdóttur og Hermínu Marinósdóttur, um, að eignir dánar- og félagsbús Marinós Jónssonar og Guðbjargar Guðnadóttur verði skrifaðar upp af skiptarétti Vestmannaeyja og það tekið til opinberra skipta sem skuldafrágöngubú, skulu ná fram að ganga. Málskostnaður fellur niður.

Jón Ragnar Þorsteinsson aðalfulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfur sóknaraðilja, Auðar Marinósdóttur, Eyrúnar Huldu Marinósdóttur og Hermínu Marinósdóttur, um, að eignir dánar- og félagsbús Marinós Jónssonar og Guðbjargar Guðnadóttur verði skrifaðar upp af skiptarétti Vestmannaeyja og það tekið til opinberra skipta sem skuldafrágöngubú, skulu ná fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.